

Merki Landbúnaðarháskóla Íslands

Grunneiningar merkisins eru tvö form sem tengjast og mynda stafinn L.

Í forsendum fyrir hönnun merkisins var gengið út frá tveim meginlínunum í starfi skólans. Í fyrsta lagi þeim verðmætum sem landið býr yfir og í öðru lagi hvernig farið er með þau verðmæti. Merkið átti ekki að vera mjög hefðbundið en hafa sterka skírskotun til þessa tíma þegar skólinn hefur starf sitt. Litirnir eiga einnig að undirstrika tvískiptinguna, appelsínugulir, rauðir og rauðbrúnir tónar í jarðlitum á neðra formi og á efra formi frá gulu í dökkgræna tóna gróðursins.

Gísli B. Björnsson
teiknari FÍT

